

## GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa í Hvítársíðuhreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Hvítársíðuhrepps er heimilt, í samræmi við 4. gr. samþykktar um notkun og hreinsun rotþróa í Hvítársíðuhreppi, að leggja á sérstakt gjald vegna hreinsunar og tæmingar rotþróa í hreppnum.

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

| <i>rotþró</i>   | <i>kr.</i> |
|-----------------|------------|
| minni en 2000 l | 3.000      |
| 2000 - 4000 l   | 3.500      |
| 4001 - 6000 l   | 4.150      |

Fyrir rotþrær stærri en 6000 l er innheimt samkvæmt reikningi kr. 2.000 á rúmmetra við losun.

Þurfi að nota barka lengri en 50 m er innheimt álag við hverja losun kr. 4.000.

Þurfi að fara aukaferð (tæma utan reglubundinnar yfirferðar) er innheimt 50% álag á tæmingargjald.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Hvítársíðuhrepps með stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

Samþykkt í sveitarstjórn Hvítársíðuhrepps 11. desember 2001.

*Sámsstöðum, 11. janúar 2002.*

**Ólafur Guðmundsson**, oddviti Hvítársíðuhrepps.

## AUGLÝSING

**um umferð á Siglufirði.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Siglufjarðar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Siglufirði:

Bifreiðastöður eru bannaðar að vestanverðu á Suðurgötu frá Skriðustíg að Hverfisgötu.

Ákvörðun þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Siglufirði, sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

*Sýslumaðurinn á Siglufirði, 4. janúar 2002.*

**Guðgeir Eyjólfsson.**